

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Bjarni Jónsson, greiði 500 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. marz 1941.

Nr. 5/1940. **Bræðurnir Ormsson** (Eggert Claessen)
gegn

Steindóri Einarssyni

(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Skuldamál. Gagnkröfur. Véfengingar of seint fram komnar.

Dómur hæstaréttar.

Björn lögmaður Þórðarson hefur kveðið héraðsdóminn upp.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. jan. 1940, hefur aðallega krafizt þess, að hann verði skilorðslaust sýknaður af kröfum stefnda, en til vara, að hann verði sýkn dæmdur, ef Eiríkur Ormsson, er firmanu veitir forstöðu, staðfestir með eiði sínum þá staðhæfingu, að hann hafi greitt kröfu þá, er mál þetta er risið af, gegn fullnaðarkvittun stefnda. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, hver sem málalok verða. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þann 30. des. 1936 taldi áfrýjandi sig eiga hjá stefnda kr. 2343,95. Þessa skuld greiddi stefndi með kröfum, sem hann hafði á áfrýjanda, og fékk fullnaðarkvittun hans um þá greiðslu. Jafnframt gat stefndi þess, að hann hefði fleiri kröfur á hendur áfrýjanda. Kveðst áfrýjandi hafa síðar samið við stefnda um kröfur þessar og greitt þær að fullu. Telur áfrýjandi kvittun um greiðslu þessa munu hafa glat-

azt, og ekki telur hann hennar getið í bókum sínum, og hafi gleymzt að skrá hana þar. Stefndi hefur eindregið neitað því, að nokkur slík greiðsla hafi farið fram. Nokkrir starfsmanna áfrýjanda hafa borið vitni í málinu um skipti aðilja og símasamtal út af skuld þessari, en eigi getað staðhæft neitt um það, hvort hún hefði raunverulega verið greidd. Þessi gögn nægja hvorki til skilorðslausrar sýknu áfrýjanda né til eiðsheimildar slíkrar sem áður greinir.

Í annan stað hefur áfrýjandi til vara véfengt alla liði kröfu stefnda, nema einn, sem nemur kr. 5,75. Mál þetta var þingfest þann 12. maí 1938, og lagði stefndi þá fram sáttakæru, stefnu og reikninga þá, sem krafa hans var reist á. Þann 30. júní s. á., eftir 7 vikna frest, lagði umboðsmaður áfrýjanda fram greinargerð sína, en þar er ekki vikið að véfengingu skuldar í heild né einstökum kröfuliðum, heldur er einungis skorað á stefnda að leggja fram afrit af öllum viðskiptum aðilja og útdrátt úr höfuðbók um áramót hver. Ekki virðist slíkt afrit eða útdráttur þó hafa verið nauðsynlegur, því að áfrýjandi hafði fengið reikninga þá frá stefnda, sem kvittaðir voru upp í viðskipti þeirra 30. des. 1936, og gat borið þá saman við reikninga þá, sem fram voru lagðir, þegar þetta mál var þingfest, og þar með gætt þess, að áður greiddir kröfuliðir kæmu honum ekki aftur til útgjalda. Í þinghaldi 1. júní 1939, eða meira en ári eftir þingfestingu máls þessa, lagði áfrýjandi loks fram véfengingar sínar á einstökum kröfuliðum, sem taldir voru til orðnir árin 1933—1935. Stefndi taldi véfengingar þessar mikils til of seint fram komnar í málinu og mótmælti því þess vegna í næsta svari sínu 5. okt. 1939, að mark yrði á þeim tekið. Verður samkvæmt ákvæðum 110. gr. laga nr. 85/1936 að taka þessi mótmæli til greina.

Samkvæmt framanskráðu þykir bera að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Um meðferð máls þessa í héraði skal þetta athugað. Frá þingfestingardegi fékk umboðsmaður áfrýjanda samtals 7

vikna frest, væntanlega til samningar greinargerðar samkvæmt 106. gr. laga nr. 85/1936, þótt þess sé ekki getið í þingbókareftirriti né ástæðna til svo langs frests. Þann 30. júní 1938 leggur umboðsmaður áfrýjanda fram fyrstu greinargerð sína, sem áður er getið. Síðan er málinu frestað að tilhlutun umboðsmanns stefnda til 2. febrúar 1939, eða rúma 7 mánuði, er hann leggur fram greinargerð til svars greinargerð umboðsmanns áfrýjanda. Svo er máli frestað af nýju til 30. marz s. á. að tilhlutun umboðsmanns áfrýjanda, er þá leggur fram aðra greinargerð sína. Næst er máli frestað til 27. apríl s. á. að tilhlutun umboðsmanns stefnda, sem þá leggur fram aðra greinargerð sína. Þann 25. maí s. á. fer fram vitnaleiðsla í málinu, og 1. júní er lögð fram véfenging áfrýjanda á einstökum kröfuliðum, sem fyrr segir, enda leggur umboðsmaður áfrýjanda þá nýja greinargerð fram. Frestast mál nú að tilhlutun umboðsmanns stefnda til 5. okt. 1939, er hann leggur enn fram greinargerð. Þann 19. s. m. leggur umboðsmaður áfrýjanda enn eina greinargerð fram, og síðan er málinu enn frestað til 16. nóv. s. á. að tilhlutun umboðsmanns stefnda. Loks 23. nóv. 1939, eða eftir meira en $1\frac{1}{2}$ ár frá þingfestingu, er gagnasöfnun talið lokið. Gögnin eru reikningarnir, sem lagðir voru fram á þingfestingardegi, nokkrir aðrir reikningar og athugun á þeim og nokkur vottorð manna búsettra í Reykjavík, að því er bezt verður séð. Málið er síðan munnlega flutt þann 8. des. s. á. og dæmt 11. s. m. Dómi stýrði Björn Þórðarson lögmaður og stundum einn fulltrúa hans, meðan málsmeðferð stóð yfir, en héraðsdómsmálflutningsmennirnir Sigurgeir Sigurjónsson og Einar Ásmundsson hafa annazt málflutning.

Í fyrsta lagi hefur flutningur málsins í héraði dregizt óhæfilega lengi. Dómari hefur, andstætt fyrirmælum 110. sbr. 111. gr. laga nr. 85/1936, veitt málflytjendum frest á frest ofan, án þess að kynna sér nauðsyn slíkra frestana og án þess að samþykki aðilja sjálfra á þeim væri fengið. Í öðru lagi hefur fyrirmæla 105. og 106. gr. nefndra laga eigi verið gætt, með því að umboðsmaður stefnda leggur

fram þrjár greinargerðir, auk sáttakæru og stefnu, og umboðsmaður áfrýjanda fjórar. Eru greinargerðir þessar hinar seinni að mestu endurtekningar þess, sem í fyrstu greinargerðum segir. Svarar þessi málflutningur mjög til hins gamla skriflega málflutnings með öllum sínum drætti og sóknarskjölum og varnar, sem tilætlun löggjafans var að losna við með fyrirmælum laga nr. 85/1936. Í þriðja lagi virðist gengið á snið við ákvæði 109. gr. téðra laga, því að fyrst eftir áðurnefndan skriflegan málflutning, meira en hálfu öðru ári eftir þingfestingu málsins, virðist loks ákveðið, að mál skuli munnlega flytja, í stað þess að það skal þegar ákveða eftir greinargerð aðilja samkvæmt 105. og 106. gr. laganna, og ákveða þá frest til gagnasöfnunar, er báðir aðiljar noti jöfnum höndum, sbr. 110. og 111. gr. téðra laga. Verður að átelja bæði dómara og málflytjendur alvarlega fyrir þessi stórfelldu missmíði á málsmeðferð þeirra, en ekki þykir nægileg ástæða til að sekta þá að þessu sinni samkvæmt heimild í 3. málsg. 34. og 2. málsg. sbr. 3. tölul. 1. málsg. 188. gr. margnefndra laga.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Bræðurnir Ormsson, greiði stefnda, Steindóri Einarssyni, kr. 642,25 með 5% ársvöxtum frá 25. apríl 1938 til greiðsludags að viðlagðri aðför að lögum. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. des. 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., er eftir árangurslausa sáttumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 6. maí 1938 af Steindóri Einarssyni, bifreiðaeiganda hér í bæ, gegn Eiríki Ormssyni f. h. firmans Bræðurnir Ormsson, hér í bænum, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 642,25, með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi sáttakæru, 25. apríl 1938, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera fyrir bifreiðakstur, er hann hafi innt af hendi fyrir stefndan. Hefir hann lagt fram sundurliðaða reikninga um aksturinn. Eru þeir aðallega frá árunum 1933 og 1934, en að nokkru leyti frá árinu 1935.

Stefndur byggir sýknukröfuna aðallega á því, að þessi viðskipti séu þegar endanlega uppgjörð. Hann kveðst hafa skipt við stefnanda með bifreiðaaakstur undanfarin ár og jafnfram hafa unnið fyrir hann ýms rafvirkjastörf. Erfitt hafi verið að fá uppgjör við stefnanda, og hafi hann (stefndur) loks látið sér nægja munnlega yfirlýsingu hans um það, að viðskiptin væru jöfn um áramótin 1933 og 1934. Eftir þetta kveðst stefndur hafa talið sig kvittan við stefnanda. Það er þó ekki (sic) upplýst í málinu, að eftir þenna tíma, eða nánar tiltekið einhverntíma á árinu 1937, kannaðist stefndur við, að skulda stefnda einhverja upphæð, án þess að ljóst sé, hversu háa, og síðan hefur engin greiðsla farið fram. — Virðist því þessi sýknuástæða stefnds ekki á rökum reist.

Til vara hefur stefndur í rekstri máls þessa byggt sýknukröfu sína á því, að viðskipti þau, sem hin umkrafða skuld stafi af, sé honum með öllu óviðkomandi.

Með bréfi dagsettu 5. nóvember 1937 tilkynnti stefnandi stefndum upphæð hinnar umstefndu skuldar. Jafnframt sendi hann honum afrit af öllum hinum sundurliðuðu reikningum um skuldina, sem nú eru lagðir fram í málinu í frumriti, og kveðst hann í bréfinu gera það eftir beiðni stefnds. Í bréfinu kveðst stefnandi vænta þess, að stefndur hafi athugað afritin fyrir 8. s. m., og að þá megi vitja greiðslu skuldarinnar. Þessu bréfi svaraði stefndur engu og gerði engar athugasemdir við reikningsafritin. Hreyfir stefndur engum sundurliðuðum mótmælum gegn reikningunum á þessum grundvelli, fyrr en rúmu ári eftir þingfestingu máls þessa, eða 1. júní 1939. Telur rétturinn því þessi mótmæli svo seint fram komin, að ekki sé unnt að taka þau til greina, sérstaklega þegar þess er gætt, sem áður er sagt, að stefnandi sendi stefndum þegar 5. nóvember 1937 nákvæma reikninga um viðskiptin og óskaði athugasemda, án þess að stefndur sinnti því nokkuð.

Ber því að taka réttarkröfur stefnanda til greina að öðru leyti en því, að með tilliti til allra málsatvika þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Eiríkur Ormsson f. h. Bræðurnir Ormsson, greiði stefnandanum, Steindóri Einarssyni, kr. 642,25 með 5% ársvöxtum frá 25. apríl 1938 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.